

Erró er enn á fleygiferð en er farinn að huga að því að draga sig út úr sýningastússi og verja tíma sínum meira á vinnustofnunni.

Var aldrei bestur í teikningu

Erró kemur í stutta heimsókn til Íslands í byrjun september og verður viðstaddur opnun í Listasafni Reykjavíkur á sýningu á teikningum sem ná yfir allan hans feril. Erró er líklega síst þekktur fyrir teikningar sínar en segist teikna miklu meira en margan grunar. Á sama tíma verður opnuð sýning á sextíu og þremur verkum eftir austurríska listamanninn Christian Ludwig Attersee en verkin eru gjöf hans til Listasafns Reykjavíkur. Þórarinn Þórarinnsson sló á þráðinn til Parísar og ræddi við Erró um teikningar hans, hina veglegu listaverkagjöf Attersees, vinar hans, og hvað er efst á baugi hjá málaranum sem verður átræður á næsta ári.

”

Ég var aldrei besti teiknari þegar ég var í skóla á sínum tíma. Hringur Jóhannesson var til dæmis tíu sinnum betri teiknari en ég.

Ég hef þekkt Attersee í mörg ár; alveg síðan ég sýndi þarna í Vín fyrir margt löngu,” segir Erró. Verkin sem Attersee og galleríisti hans og samlandi, Ernst Hilger, færa Listasafni Reykjavíkur að gjöf eru unnin á árunum 1970 til 2010. „Hann er frægur málarari og er að gefa safninu margar prentmyndir. Hann kemur með þrettán manns með sér, þar á meðal Hilger, og meira að segja safnstjóra Freud-safnsins í Vín,” segir Erró um sýninguna sem hefst 3. september.

Listasafn Reykjavíkur hefur löngum notið velvildar og gjafmildi Errós en hann hefur, eins og kunnugt er, fært safninu stóran hluta verka sinna og hefur komið því til leiðar að stórar og mikilvægar listaverkagjafir hafa borist safninu. Nægir þar að nefna Gullpottinn eftir Jean-Pierre Raynaud og stóra listaverkagjöf sem safnið fékk í fyrra eftir listamanninn Mel Ramos. Þá færir Attersee safninu verk sín fyrir tilstilli Errós en sjálfur vill málarinn ekki gera mikið úr sínum þætti og er fljótur að eyða öllu tali um það.

Alltaf að teikna

Erró er einna þekktastur fyrir stór og litrík verk sín en minna hefur borið á teikningum hans í gegnum tíðina. „Það eru margir sem segja mér að ég teikni aldrei og sennilega vita fæstir að



ég teikna á léreftið áður en ég mála málverkið. Ég lita það síðan tvisvar eða þrisvar sinnum. Ég teikna svo aftur á það þannig að ég teikna tvisvar sinnum hverja mynd.“

Erró segir Listasafn Reykjavíkur eiga mikið af teikningum eftir sig en hann sé nú að fara í gegnum þetta allt saman með sýningarstjóranum Danielle Kvaran. „Hún segir mér síðan hvað vantar og þá mun ég stínga einhverju inn sem ég er með hérna. Það er mjög líklegt að síðustu árin vanti inn í.“

Þar sem teikningarnar spanna svo til allan feril málarans fá sýningargestir glögga yfirsýn yfir þróunina í teiknistil Errós. „Ég var aldrei besti teiknari þegar ég var í skóla á sínum tíma. Hringur Jóhannesson var til dæmis tíu sinnum betri teiknari en ég. Og þegar ég fór með Braga Ásgeirssyni í kúnstakademíuna í Ósló, var hann líka tíu sinnum betri en ég. Þetta tekur sinn tíma og ég nær mér svona í rólegheitum. Ég held að þetta sé orðið í lagi núna,” segir Erró léttur í bragði.

Teiknað í tjaldi

„Ætli elsta myndin á sýningunni sé ekki teikning frá Klaustri frá 1946 eða 1947 eða þar um bil. Hún heitir Stríð og er svolítið merkileg því hún líkist dálítið því

sem ég er að gera núna. Ég teiknaði hana fyrir ofan Klaustur, á Klausturheiði, þegar ég var þar í tjaldi. Sem stendur er ég að vinna í því sem ég kalla barnalegar myndir. Þær hafa eitthvað með ung börn að gera, liti fyrir ung börn og teikningar fyrir ung börn. Þetta verður smá syrpa.“

Pólitikin svifur oft yfir vötnum í verkum Errós og hann er að hita sig upp í eitt slíkt. „Ég fer nú yfirleitt mikið yfir í pólitískar myndir þegar þannig stendur á og það er kannski möguleiki á að ég fari út í það sem er á seyði í Líbíu núna. Síðasta stóra pólitíska myndin sem ég gerði hét God bless Bahgdad. Það getur vel verið að það komi ein núna í rólegheitum um Líbíu og kannski Sýrland líka í sömu mynd.“

Erró kemur til Íslands fyrsta september og fer aftur út þann fjórða. „Ég er að ganga frá rosasýningu í Frankfurt sem verður á sama tíma og bókamessan þar sem Ísland verður í öndvegi. Þetta verður rosalega stór sýning og ég verð að sjá til þess að hún gangi vel. Þannig að það er í nógu að snúast, en ég ætla svo að reyna að fara að slappa aðeins af. Ég verð átræður á næsta ári og ætla að reyna að fara að skapa mér svolítið meiri tíma til að vinna. Það fer svo mikill tími í þetta sýningavesen. Það er að svo mörgu að huga í kringum sýningar.“




Miðasala 568 8000
borgarleikhuis.is



Borgarleikhúsið



Skyrtudalur (Shirt -Walley) eftir Christian Ludwig Attersee frá 1994.



Erró. Án titils/Untitled [úr seríu Radioactivity, Jaffa (1958)], 1958.



Erró. Án titils/Untitled [úr seríu Les Carcasses/Beinagrindurnar (1955-1957)], 1955.